

## Fundargerð 18. fundar stjórnar SSA haldinn 26. febrúar 2024

Fundurinn haldinn á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar og hófst kl. 13:00.

**Mættir stjórnarmenn SSA voru:** Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Puríður Lilly Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Starfsmenn Austurbrúar:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

### Dagskrá

- Fundargerð SSA nr. 17 til kynningar**
- Umsagnir**
  - Frumvarp um sjálfbæra landsnýtingu - [umsögn SSA](#)
- Ályktun vegna lokun sláturhússins á Vopnafirði**


Eftirfarandi ályktun var lögð fyrir stjórn og samþykkt samhljóða:

„SSA harmar lokun sláturhúss á Vopnafirði í kjölfar slita á Sláturfélagi Vopnafirðinga. Ljóst er að lokunin mun hafa áhrif á samfélagið á Vopnafirði og draga úr umsvifum þar á sláturtíð auk þess sem heilsársstörf á Vopnafirði tapast og einsleitni í atvinnulífinu eykst. Þá merkir þetta einnig að ekkert sláturhús verður lengur starfandi á Austurlandi þannig að bændur á Austurlandi, sem hingað til hafa slátrað fé sínu á Vopnafirði, þurfa að ferðast lengri leið með sláturlömbin. Þessu tengt er fækkun bænda á Austurlandi, lítil endurnýjun og samdráttur í sauðfjárrækt, áhyggjuefni fyrir svæðið og ekki síður fyrir matvælaöryggi landsins.“

- Fundur: Ungt fólk og aðlaðandi landsbyggð**
  - Fjarfundur með fulltrúum Íslands í norræna ungmennaráðinu, landshlutasamtökum sveitarfélaga, stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál o.fl.

*Mál til kynningar og eftir atvikum til umræðu.*

- Samráðsgátt stjórnvalda**
  - 29 mál í [samráðsgátt](#)
- Fundargerðir og erindi til kynningar**

- 
- SSH, fundur nr. [572 og 573](#)
  - SSS, fundur nr. [797](#)
  - SSNV, fundur nr. [103](#)
  - SSNE, fundur nr. [60](#)
  - SASS, fundur nr. [605](#) og [606](#)
  - Sambandið fundur nr. [941, 942 og 943](#)

## 7. Önnur mál

- Ný skýrsla stjórnvalda um skattlagningu orkuvinnslu rædd. Brýnt að stjórnin fylgist vel með framvindu þessa máls.

Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl. 15:15.